

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, haldinn í Versölum, Þorlákshöfn, þriðjudaginn 18. október 2016 kl. 14:30.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Formaður setti fund.

María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu, fór yfir skýrslu starfsemi þjónustunnar að beiðni formanns.

2. Ársreikningur 2015

Ársreikningur ársins 2015 lagður fram og kynntur. Heildarútgjöld ársins voru 66 m.kr. sem jafnað var hlutfallslega á samstarfssveitarfélögin og rekstrarniðurstaðan því á núlli.

Ársreikningurinn samþykktur.

3. Fjárhagsáætlun 2017

Fjárhagsáætlun ársins 2017 lögð fram og kynnt. Heildarútgjöld skólaþjónustuhluta eru áætluð 58,4 m.kr. og velferðarþjónustuhluta 19,6 m.kr. Alls áætluð útgjöld árið 2017 eru 78 m.kr.

Fjárhagsáætlunin samþykkt.

Samþykkt að ráða Deloitte áfram sem endurskoðendur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu.

4. Önnur mál

Fundarmenn beina því til stjórnar að skoðað verði með að ráðnir verði talmeinafræðingar til þjónustunnar sem starfi fyrir alla skóla samstarfssvæðisins.

Fundi slitið kl. 16:00.